

Nefndasvið Alþingis  
hr. Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 14. mars 2003  
Tilvísun: 2001030059/40.9  
RJ/BH  
Tilv. ykkar: 25.02.2003

**Efni: GSM - farsímakerfi þskj. 893 - 546. mál.**


Með bréfi dags. 25.02.2003 er beðið um umsögn um aðgang landsmanna að GSM - farsímakerfi þskj. 893 - 546. mál.

Farsímaeign landsmanna er mjög algeng og treysta margir vegfarendur á að geta komið skilaboðum til t.d. Neyðarlinunnar með GSM ef eitthvað kemur fyrir. Miklar eyður eru í GSM netinu og eru margir langir kaflar á aðalleiðunum án teningar við GSM farsímakerfið. Þar má nefna kafla á Hringvegi t.d. í Norðurárdal í Skagafirði, á Mývatnsöræfum, í Skriðdal og fimm kafla á Suður - og Austurlandi. Einnig flestar aðalleiðir í Dölum og Vestfjörðum og langir kaflar á Norð - Austurhorninu auk fleiri styttri kafla.

Vegagerðin hefur látið gera lauslega úttekt á kostnaði við uppsetningu á farsímaneti GSM á ofanefndum leiðum og hefur komið í ljós að kostnaður er mjög hár (400 - 600 m.kr.).

Vegagerðin mun á næstunni vinna nákvæmari greiningu á hvernig best verði komið fyrir farsímakerfi sem hefur það að markmiði að tryggja sem best öryggi vegfarenda.

Virðingarfyllst,

  
Jón Rögnvaldsson,  
vegamálastjóri.